



**Sveitarstjórnarfundur 5-2024**  
**Skagabúð 06.júní 2024 kl 13:00**

*Mætt voru: Erla Jónsdóttir, Magnús Björnsson, Bjarney Jónsdóttir, Kristján Steinar Kristjánsson og Vignir Sveinsson.*

*Erla setti fundinn og stjórnaði honum og Bjarney ritaði fundargerð. Gengið var til dagskrár. Oddviti óskaði eftir að bæta við 6. lið fundar umsagnarbeiðni vegna aðalskipulags Skagafjarðar.*

**Dagskrá fundarins:**

**1. Ársreikningur 2023 - seinni umræða**

Fyrir fundinum lá ársreikningur sveitarfélagsins fyrir 2023, ásamt endurskoðunarskýrslu Enor fyrir árið 2023, ársreikningurinn var tekinn til fyrri umræðu 3. maí 2024.

Rekstrarhalli var á samstæðu A og B hluta á árinu 2023 upp á kr. 2,1 millj. samanborið við 13,6 millj. halla skv. áætlun. Afkoma samstæðunnar var því kr. 11,5 millj. betri en áætlun gerði ráð fyrir.

Skatttekjur sveitarfélagsins voru kr. 5,5 millj. hærri en áætlun og greiðslur úr Jöfnunarsjóði voru 6,4 milljónum hærri en áætlun. Stærstu útgjaldaliðir sveitarfélagsins, félagsþjónusta og fræðslu- og uppeldismál voru 7,8 milljónir hærri en áætlun en á móti voru atvinnumál jákvæð um 9,1 milljón en höfðu verið áætluð neikvæð uppá 4,7 milljónir.

Varanlegir rekstrarfjármunir A og B hluta hækka um kr. 8,8 millj. milli ára og nema samtals kr. 76,9 millj. í árslok 2023. Fjárfest var í götulýsingu undir B hluta á árinu 2023 fyrir 15,7 milljónir.

Handbært fé lækkaði um kr. 9,3 millj. milli ára og nam um kr. 37,1 millj. samanborið við kr. 46,4 millj. í árslok 2022. Tekið var lán að upphæð 20,0 milljónir á árinu. Hjá samstæðunni nema langtímalán og næsta árs afborganir samtals kr. 23,9 millj.

Eiginfjárhlutfall A og B hluta var 68,1% í árslok 2023 samanborið við 84,3% árið áður.

Nokkrar umræður urðu um ársreikninginn. Að lokum var ársreikningurinn borinn upp og hann samþykktur samhljóða.

**2. Hnitsetning jarða í Skagabyggð**

Fyrir fundinum lágu upplýsingar frá HMS um að þar væri verið að vinna áætlun um eignamörk jarða í Skagabyggð í samræmi við erindi sem flutt var með byggingarfulltrúum í september 2023, því er ákveðið að fresta vinnunni þar til þessi áætlun liggur fyrir.

**3. Kálfshamarsvík**

Fyrir fundinum lágu drög að samning um styrk til verkefnisins Verndun Kálfshamarsvíkur. Styrkurinn er að upphæð 3.600.000 kr og felst verkefnið í samkvæmt Framkvæmdasjóði að: "hnitsetja, merkja og setja niður tréstíga í samræmi við deiliskipulag á svæðinu. Sjóðurinn undanskilur verkþætti sem voru hluti af umsókn en falli utan verksviðs hans, og lutu þeir að hreinsun girðing, lagningu fjárgirðinga og öðrum ráðstöfunum til að takmarka áhrif beitar."

Sveitarstjórn vill árétta að hvergi var getið um að girða ætti deiliskipulagssvæðið af til að takmarka beit og er það álit sveitarstjórnar að beit í sjálfu sér sé jákvæð fyrir svæðið en hinsvegar sé slyshætta vegna úrgangs búfenaðar á stígum mikil þar sem stígarnir eru víðast í halla svo ekki sé talað um óþrifnað fyrir ferðamenn. Þá sé einnig slyshætta af hrossum sem komast þarna óhindrað um svæðið og geta bæði valdið fólki og ekki síður bifreiðum skaða á meðan dvöl ferðamanna stendur. Með þessu séu bifreiðar í stórhættu á meðan ferðamenn taki sér göngutúr um þá stíga sem verið er að styrkja að hnitsetja og merkja, svo ekki sé minnst á skemmdir sem hross geta valdið á fyrirhuguðum stikum og trébrúm.



Sveitarstjórn samþykkir styrkveitingu Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða og felur oddvita að undirrita fyrirbyggjandi drög að samning.

#### 4. Varmadæluvæðing

Fyrir fundinum lá samantekt frá Hagvarma um kostnað þátttakenda í varmadæluverkefninu, niðurstaðan voru 23 aðilar og þar af 22 lögbýli. Heildar framkvæmdakostnaður er áætlaður 62,5 milljónir án vsk og án ráðgjafakostnaðar, áætlaður styrkur frá Orkusjóði á móti er áætlaður 25 milljónir. Allur vsk af framkvæmdunum ætti að fást endurgreiddur þannig hann er ekki reiknaður með. Sveitarstjórn ákveður að styrkja hvert lögbýli sem hefur verið með í verkefninu og kaupir og tengir varmadælu á árinu, um að lágmarki upphæð 625 þúsund krónur, þó aldrei meira en 50% stofnkostnaðar.

#### 5. Dreifnám

Fyrir fundinum lá samantekt stýrihóps um endurskoðun dreifnáms á Blönduósi og Hvammstanga ásamt fundargerðum hópsins. Lagt fram til kynningar.

#### 6. Bréf

##### a. Skipulagsgátt, [umsagnarbeiðni vegna máls nr. 0613/2024](#)

Í bréfinu er óskað eftir umsögn um aðalskipulag Skagafjarðar. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við aðalskipulag Skagafjarðar en áréttar að eftir er að ganga frá sveitarfélagamörkum milli Skagabyggðar og Skagafjarðar. Oddvita er falið að senda inn umsögn.

#### 7. Fundargerðir

##### a. 116. fundargerð Norðurár bs 12. apríl 2024

Fundargerðin var til kynningar

##### b. 947. fundar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Fundargerðin var til kynningar

##### c. 105, 106 og 107 fundar SSNV

Fundargerðirnar voru til kynningar

##### d. Fundargerð Félags- og skólaþjónustu 2. töluliður í fundargerð frá 5.sept.2023

Fundargerðin var tekin fyrir á fundi sveitarstjórnar 28. september 2023 en í 2. tölulið fundargerðarinnar er getið um lánssamning en skilyrði fyrir lántökunni er að sveitarstjórnir byggðasamlagsins samþykki að veita einfalda ábyrgð vegna lánssamnings við Lánasjóð sveitarfélaga að upphæð 30 milljónir með sérstakri bókun sem nú er tekin sérstaklega fyrir.

Lánið er til að fjármagna framkvæmdir á einni íbúð í Hnitbjörgum á Blönduósi og einni íbúð að Ægisgrund á Skagaströnd, sem samþykkt var í fjárhagsáætlun 2023. Framkvæmdirnar fela í sér að vera verkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Sveitarstjórn Skagabyggðar samþykkir hér með á sveitarstjórnarfundi að veita einfalda ábyrgð og veðsetja til tryggingar ábyrgðinni tekjur sínar í samræmi við hlutfall eignarhalds, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. og 2. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, til tryggingar láns Félags- og skólaþjónustu A- Hún hjá Lánasjóði sveitarfélaga að höfuðstól allt að kr. 30.000.000,- með lokagjalddaga þann 20.febrúar 2039, í samræmi við skilmála að lánasamningi sem liggja fyrir á fundinum og sem sveitarstjórnin hefur kynnt sér. Nær samþykki sveitarstjórnar jafnframt til undirritunar lánasamnings og að sveitarfélagið beri þær skyldur sem þar greinir.

Samþykkt samhljóða

##### e. Fundargerð Félags- og skólaþjónustu frá 2.5.2024

Fundargerðin var til kynningar



**f. Fundargerð Markaðsstofu Norðurlands 25/3/2024**

Fundargerðin var til kynningar

**8. Önnur mál**

Fleira var ekki tekið fyrir undir öðrum málum.

Fundargerð lesin upp og samþykkt, og fundi slitið kl.15:45

\_\_\_\_\_  
Kristján Steinar Kristjánsson

\_\_\_\_\_  
Magnús Björnsson

\_\_\_\_\_  
Bjarney R Jónsdóttir

\_\_\_\_\_  
Erla Jónsdóttir

\_\_\_\_\_  
Vignir Sveinsson